



Borgarráð

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bréf Póst- og fjarskiptastofnunar og bréf dómsmálaráðuneytis í tengslum við aðgerðir til að auka kosningaþátttöku.***

Á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019 var svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

"Hverjir fengu að sjá bréf Póst- og fjarskiptastofnunar vegna kosningaþátttökuverkefnis Reykjavíkurborgar og hvar var það kynnt? Þá er óskað eftir að fá upplýsingar um hverjir fengu að sjá bréf frá dómsmálaráðuneytinu. "

Svör:

Þann 3. maí 2018 var haft símleiðis samband við Póst- og fjarskiptastofnun vegna erindis mannréttindaskrifstofu frá 27. apríl 2018. Í framhaldi barst tölvubréf, sama dag, þar sem bent var á að PFS hefði ekki heimild að lögum til þess að veita undanþágu frá 46. gr. fjarskiptalaga og að stofnunin hyggðist því hafna erindi Reykjavíkurborgar, en um leið að leiðbeina borginni um að hún geti sótt um slíka undanþágu til Persónuverndar. Í framhaldi sendi mannréttindaskrifstofa erindi til Persónuverndar sama dag.

Formlegt svar Póst- og fjarskiptastofnunar barst þann 8. maí 2018 og var kynnt fulltrúum Háskóla Íslands sem unnu að verkefninu.

Á fundi borgarráð þann 17. maí var verkefnið kynnt og kom m.a. fram á glærुकynningu um einstaka verkþætti " Erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar- Ekki heimilt að veita undanþágu frá 46.gr. fjarskiptalaga".

Bréf dómsmálaráðuneytis sem barst þann 23. maí 2018 var kynnt rannsakendum sem sendu svör til ráðuneytisins þann 24. maí vegna andlags rannsóknarinnar.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir  
Mannréttindastjóri

